

Nd.

326. Breytingartillögur

við frv. til l. um loftskýtatæki á botnvörpuskipum og um eftirlit með loftskýta-
notkun íslenzkra veiðiskipa.

Frá Sveini Ólafssyni og Ásgeiri Ásgeirssyni.

1. Við 4. gr.
 - a. Fyrir „landhelgisbrotum“ í annari málsgrein komi: landhelgibrotum.
 - b. Síðasta málsgrein falli niður.
2. Við 5. gr.
 - a. Í stað „landhelgisbrot“ komi: landhelgibrot.
 - b. Í stað „í fyrsta sinn missa rétt til skipstjórnar í 1 ár sektum frá 500—10000 kr.“ komi:
í annað sinn missa rétt til skipstjórnar um allt að tveggja ára tíma.
Verði hann í þriðja sinn sannur að sök, missir hann skipstjórnarrétt-
indi á veiðiskipi fyrir fullt og allt.
Brjóti einhver gegn fyrstu málsgrein 4. greinar eða verði að öðru
leyti einhver brotlegur gegn 4. grein annar en þeir, sem nefndir eru í
fyrri málsgrein þessarar greinar, sæti hann sektum frá 200 til 2000 kr.
3. Við 6. gr.
 - a. Í stað „landhelgisbrot“ komi: landhelgibrot.
 - b. Í stað orðanna „og skal þá dómsmálaráðuneytinu og skipstjórnar-
menn“ komi:
og skal þá dómsmálaráðuneytinu heimilt, meðan á réttarrannsókn og
dómsuppsögn stendur, að svipta útgerðarstjórn og skipstjórnarmenn.